

## **Stjórnarfundur ÍRB 12. janúar 2012.**

Mættir: Ant, Falur, Hilmar, Sigurpór, Freydís, Lúðvík, Helga, Anna, Guðmunda, Harpa, Herdís, Guðný, Elsie, Hjördís og Sigurbjörg. Júlíus mætti á fundinn kl. 20:00.

### **1. Farið yfir síðustu fundargerð**

Engar athugasemdir og hún samþykkt.

### **2. Staða í hópum**

Fækkað hefur í hópum en nú er jafnara. Þurfum að fara af stað með skráðu vin. Guðmunda og Harpa taka að sér að búa til miða, búa til texta til að senda á heimasíðu og senda í tölvupósti.

### **3. Eldri hópur**

Búið að breyta töflunni og bjóða eldri hópi að koma alla daga síðdegis og á laugardagsmorgnum. Mánaðargjöld lækkuð um 1.500 kr. Auglýsa á heimasíðum og í tölvupósti og reyna að fá umfjöllum í VF um Eldri hópinn.

### **4. Sheffield**

Búið að senda herbergislista á hótél. Elsie og Ant senda upphæðir á foreldra og reikninsnúmer á foreldra til að leggja inná.

### **5. Breytingar á stjórn sundráðs ÍRB**

Freydís hættir sem formaður Sundráðs ÍRB. Sigurbjörg tekur við formennsku og það verður tilkynnt til ÍRB.

### **6. Gengið frá bréfi til SSÍ vegna AMÍ 2012**

Gengið frá bréfi og tímasetningu. Bréf sent til SSÍ á mánudaginn.

### **7. Greiðsla styrkja vegna Nýja Sjálands**

Samþykkt að greiða styrk til hvers sundamanns samkvæmt reglum ÍRB.

### **8. Foreldrar mæta á fund kl. 20:15. Anthony yfirgaf fundinn undir þessum lið.**

Þrjár mæður mættu á fundinn.

Lásu upp punkta frá foreldrum sem farið verður yfir af stjórn. Þær yfirgáfu fundinn áður en kom að öðrum málum.

### **9. Önnur mál**

a) Rætt um greiðslur til Evu nuddara og notkun á nuddtímum. Rætt um að hafa sama gjald fyrir alla 1.400 kr. Anthony kynnir fyrir sundmönnum.

b) Páskamót. Flutt til 28. mars.

c) Falur ræðir við Ragnar Örn um laugarhita. Nú er laugin alltof heit og sundmenn verða veikir á æfingum.

d) Rætt um fararstjóra í Danmerkurferð. 3-4 hafa boðið sig fram og verður rætt á vettvangi stjórna deilda.

e) Dómaralisti frá SSÍ. Sigurpór fer yfir listann og sendir leiðréttingar til SSÍ.

f) Bréf frá Stefáni Bjarkarsyni og deildir beðnar um að taka saman fjölda þátttakenda og gesta á mótum í Reykjanesbæ. Falur og Elsie taka saman lista fyrir bæinn.

g) Sigurbjörg sendir á foreldra tilboð frá SSÍ um miða á Valgeir Guðjónsson.

h) Skiltamálin. Lúðvík, Hjördís og Helga taka saman lista og útdeila fyrirtækjum á okkur hin til að fara í.

Þeir sem halda að þeir séu með ný fyrirtæki fari í þau.

i) Hjördís sendir reikning á Helgu vegna skuldar Reykjanesbæjar og Helga sendir á Reykjanesbæ.

j) Innheimta æfingargjalda gengur vel.

k) Freydísi þökkuð vel unnin störf.

Næsti fundur 7. febrúar 19:15

Fundargerð ritaði Sigurbjörg Róbertsdóttir.